**Nd. 49. Frumvarp**

til l. um breyting á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Fyrsti og annar málsliður í upptalningu 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Útflutningsgjald af síld og síldarafurðum er nú svo hátt, kr. 1.50 af tunnu saltsíldar og kr. 1.00 af 100 kg. síldarmjöls, að það eykur stórkostlega á

erfiðleika síldveiðenda. Er þó sízt á þá bætandi. Virðist eðlilegast, að sama gjald sé tekið af þessum vörum og öðrum útflutningsvörum, og hefir frv. þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.